

Fundargerð

Fundur stjórnar Barmahlíðar, mánudaginn 25.11.19 kl. 15:30.

Fundarstaður: Skrifstofa Reykhólahrepps

Fundargerð 1 bls. rituð á tölvu.



Mætt voru: Embla Dögg Bachmann, Árný Huld Haraldsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir sem tekur sæti Karls Kristjánssonar í leyfi Karls frá sveitarstjórnarstörfum og Helga Garðarsdóttir hjúkrunaforstjóri. Auk þess sat fundinn Tryggvi Harðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Embla Dögg bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. Varaformaður: Samþykkt að Árný gegni varaformennsku í nefndinni meðan Karl er í leyfi.

2. Staða Barmahlíðar: Helga gerði grein fyrir stöðu Barmahlíðar. Nokkuð hefur ræst úr nýtingu rýma en betur má ef duga skal. Nokkur halli er á rekstri dvalarheimilisins eins og staðan er í dag. Rætt um framtíðarmöguleika Barmahlíðar. Samþykkt að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra.

2. Starfsmannamál: Helga fór yfir starfsmannamálin. Starfsmannamálin eru í nokkuð góðu lagi en ennþá ríkir óvissa með ráðningu hjúkrunarforstjóra. Samþykkt að auglýsa að nýju eftir hjúkrunarforstjóra.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:55.

_____	_____
_____	_____
_____	_____